

## Fundargerð

### 243. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs Þriðjudaginn 21. nóvember 2017 kl. 12<sup>15</sup> – 13<sup>50</sup>.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.  
Bryndís Skúladóttir (BS) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.  
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)  
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)  
Guðfinnur Johnsen (GJ)  
Hlíðar Þór Hreinnsson (HÞH)  
Lúðvík Gústafsson (LG)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Plast
- (3) Þjónustu- og ráðstöfunaraðilar
- (4) Ársfundur
- (5) Önnur mál

#### 1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (242. fundar).

*Samþykkt*

#### 2. Plast

Farið var yfir stöðu vöruafganga úr plasti og endurvinnslu plastics, m.a. í framhaldi af fundi/ráðstefnu hjá EPRO (European Association of Plastics Recycling & Recovery Organisations). Úrvinnslusjóður er aðili að EPRO. Einnig var sagt frá fundi með fulltrúum British Plastics Federation í London. ÓK sýndi glærur með upplýsingum um skiptingu plastics eftir notkun í iðnaði og utan um vöru, endurvinnslu plastumbúða og stöðu mála í Evrópu eftir að stjórnvöld í Kína hafa torvelað innflutning á plastúrgangi til landsins. Farið var yfir upplýsingar frá Plastics Europe um umfang plastnotkunar í vöru og umbúðum í Evrópu. Ýmsar blikur eru á lofti er varðar meðhöndlun plastics í Evrópu. Sýnd var verðþróun á plastfilmu sem fer til endurvinnslu í Evrópu, þar fellur endursöluverð nokkuð þessi misserin. Farið var yfir stöðuna er varðar endurvinnslu á blönduðum plastumbúðum frá heimilum hér á Íslandi. Það hefur átt sér stað uppsöfnun á plastefni hjá þjónustuaðilum vegna erfiðleika á endursölumarkaði í Evrópu. Farið var yfir viðræður Úrvinnslusjóðs við samstarfsaðila í Evrópu um lausn á þessum vanda. Stjórnarmenn ræddu stöðuna. GGÞ ræddi það hvort að breyta þurfi lögum um úrvinnslugjald til að mæta þessum vanda. Er hlutverk Úrvinnslusjóðs kannski of afmarkað samkvæmt lögum m.t.t. þessa stóra vandamáls? Stjórnarmenn ræddu það hvernig hægt væri að meta stöðuna á Íslandi er varðar plastúrgang almennt. ÓK sagði frá því að samskonar umræða eigi sér stað í Evrópu, þ.e. hver er staðan, þar sem erfitt reynist að fá réttar upplýsingar um hvernig gerðar plastið er og plastmagn er kemur á markað.

GGÞ  
BS  
ÓK  
HÞH

### 3. Þjónusta- og ráðstöfunaraðilar

Lögð var fram á fundinum umsókn frá JRB um að verða þjónustuaðili/milligönguaðili við sölu umbúða úr stífu plasti til endurvinnslu í Bretlandi.

*Samþykkt.*

### 4. Ársfundur

GGP lagði til að ársfundur Úrvinnslusjóðs verði haldinn þriðjudaginn 5. desember n.k. Staður og stund kynnt síðar.

*Samþykkt.*

### 5. Önnur mál.

Lögð var fram á fundinum ársskýrsla Úrvinnslusjóðs fyrir árið 2016 sem er tilbúin til prentunar.

Lagt var fram á fundinum svarbréf Úrvinnslusjóðs til UAR vegna beiðni ráðuneytisins um tillögu að úrvinnslugjaldi á fjölpóst.

Næsti fundur ákveðinn 19. desember 2017.

Fundi slitið kl. 13.50

*Guðm. G. Þórisson*  
*Kennie Ólaf*  
*Thork*  
*Judek S. Guðf*  
*Byrds Comby*  
*Byrds Skutadottir*